

eða nokkra daga í einu frá dagsetningardegi auglýsingar þessarar og til 10. júní 1932, bifreiðumferð um sýsluvegi í Mýrasýslu. 119  
21. des.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1931.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

120  
28. des.

um

Slysatryggingu ríkisins.

1. gr.

Slysatrygging ríkisins stendur undir yfirumsjón Atvinnumálaráðuneytisins.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun til meðstjórnenda tryggingarinnar og fulltrúa atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands skv. 18. gr. slysatryggingarlaganna nr. 72, 8. september 1931.

Þóknun til meðstjórnenda tryggingarinnar greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður við stjórn og rekstur tryggingarinnar af tekjum hennar.

2. gr.

Forstjórn tryggingarinnar er heimilt að fá sér þá aðstoð, er þurfa þykir, meðal annars læknisaðstoð við úrskurðun örorkubóta og dagpeninga.

3. gr.

Slysatryggingin skiptist í tvær deildir, sem halda skal aðgreindum, sjómannatryggingu og iðnatryggingu. Þó má til bráðabirgða taka fé úr sjóði annarar deildarinnar til þess að greiða með halla, sem verða kann í hinni deildinni, en endurgreiða skal það fé, þegar deildin verður þess megnug. Sameiginlegur kostnaður við báðar deildir greiðist af þeim í hlutfalli við upphæð iðgjaldanna.

4. gr.

Skylda tryggingarinnar til slysaþóta, er bundin við það, að slysið hafi orðið á starfstíma hins tryggða, sem iðgjald ber að greiða fyrir, og við þá vinnu, er tryggð var, eða beint í þágu hennar.

Til bótaskyldra slysa teljast ekki sjúkdómar, ekki heldur bilanir, sem fram kunna að koma við tryggða vinnu, án þess að nokkurt greinilegt áfall

120 eða slys hafi átt sér stað, ef læknir telur að bilunin stafi af veiklun, sem búið  
28. des. hafi í mannum, og mundi koma fram fyrir eða síðar, án nokkurs sérstaks áfalls.

## 5. gr.

Læknishjálp og  $\frac{2}{3}$  hluta lyfja- og umbúðakostnaðar greiðir Slysaftryggingin frá sama tíma og slasaða ber réttur til dagpeninga, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Læknishjálp, lyf og umbúðakostnaður greiðist eftir lögglitum gjaldskrár á hverjum tíma.

## 6. gr.

Atvinnurekendur, er reka tryggingarskylda atvinnu, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja. — Iðgjöld skipverja, er vinna fyrir hlut af afla eða hundradsgjaldi, má greiða af óskiptum afla skipa og báta.

Iðgjöld fyrir frjálsa tryggingu greiðir sá, er tryggingar beiðist um leið og tryggingin er skrásett (sbr. 12. og 15. gr. slysaftryggingalaganna).

## 7. gr.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík eru umboðsmenn tryggingarinnar. Þeir skrásetja allar tryggingar, hvort sem eru skyldutryggingar eða frjálsar tryggingar, innheimta iðgjöldin, sbr. þó 3. málsgl., og gera fullnaðar-reikningsskil að liðnu hverju ári. Þeim ber og að ganga eftir því og hafa eftirlit með því, að allir tryggi, sem tryggingarskyldir eru, og telji rétt fram til tryggingar.

Lögreglustjórar geta látið hreppstjóra annast skrásetningu trygginga og innheimtu iðgjalda hvern í sínum hreppi, og ber þeim þá hálf innheimtulaunin.

Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld sín beint til tryggingarinnar.

## 8. gr.

Hreppstjórar, er annast skrásetningu til tryggingar, geta sent tilkynningu um slys við atvinnurekstur, sem þeir hafa skrásett, til lögreglustjóra á leiðis til tryggingarinnar, eða, ef hentara þykir, beint til tryggingarinnar. Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu ávallt, er þeir senda tilkynningar um slys, hafa sannreynt, hvort slasaði var tryggður, er slysið varð, og láta tilkynningunni fylgja vottorð um að þeir hafi gert það.

## 9. gr.

Allir þeir, sem reka tryggingarskylda vinnu samkvæmt 1. gr. laganna 2. lölulið, skulu halda sérstaka og nákvæma nafnaskrá yfir þá menn, sem tryggðir eru, með tilgreindum tíma, sem hver maður er tryggður. Sé um að ræða tryggingu manna í tímavinnu, ber að skrá nafn og tíma daglega. Eftir niðurstöðum og samtölum skrána að árinu liðnu og áhættu vinnunnar samkvæmt áhættu-

flokkum ber að telja fram endanlega til tryggingar og ákveða fullnaðariðgjöldin.

120  
28. des.

#### 10. gr.

Iðgjöld skal greiða fyrirfram, í sjómannatryggingunni fyrir ráðningartímann um leið og lögskráð er, eða ráðning fer fram, og í iðntryggingunni í ársbyrjun, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, ef það starfar eigi nema hluta úr ári. Ef iðgjaldið fer fram úr 1000 kr., má greiða það í tvennu lagi, í byrjun hvers misseris, ef þess er óskað. Er iðgjaldið áætlað samkvæmt upplýsingum í tilkynningu þeirri, sem senda skal um fyrirtækið í ársbyrjun eða þegar það tekur til starfa, en hið endanlega iðgjald er ákveðið að árinu loknu eða þegar fyrirtækið hættir, ef það stendur eigi út árið, samkvæmt upplýsingum um mannhald og vinnumagn fyrirtækisins, eins og segir í 8. gr., eða í því formi, sem Slysatryggingin segir fyrir um. Ef iðgjaldið hefir verið áætlað of lágt, greiðist það sem á vantar eftir áramótin ásamt hinu áætlaða iðgjaldi næsta árs, en ef iðgjaldið hefir verið áætlað of hátt, gengur það, sem ofreiknað hefir verið, upp í iðgjöld næsta árs eða endurgreiðist, ef fyrirtækið hættir að starfa.

#### 11. gr.

Innan loka hvers mánaðar skulu skráningarstjórar og lögreglustjórar hafa sent frá sér beint til Slysatryggingarinnar þau iðgjöld, sem til þeirra eru komin, að frádregnum innheimtulaunum. En fyrir lok febrúarmánaðar skulu þeir senda tvírtaðan reikning fyrir umliðið ár ásamt fylgiskjölum í því formi, sem Slysatryggingin ákveður, og skal þá um leið standa skil á því, sem ógaldið er af iðgjöldum fyrra árs.

Stjórn Slysatryggingarinnar gerir féð arðberandi í sparisjóði, eða með því að kaupa bankavaxtabréf eða önnur trygg verðbréf. Skal rita á þau, að þau séu eign Slysatryggingarinnar.

#### 12. gr.

Skaðabótaupphæðirnar greiðast í Reykjavík gegn lögmati kvittun. Þó má greiðsla, einkum dagpeninga, fara fram annarsstaðar, ef forstjóra virðist ástæða til.

#### 13. gr.

Ársreikningur Slysatryggingarinnar skal endurskoðast samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 8. september 1931 um ríkisbókhald og endurskoðun. Reikningurinn skal birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

#### 14. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar getur Atvinnumálaráðuneytið undanþegið tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sérstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem tilefni gefst til, og verða slíkar ákvarðanir birtar á sama hátt og reglugerðir.

120

28. des.

15. gr.

Stjórn Slysatryggingarinnar setur eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar, og skal það tilkynnt umboðsmönnum Slysatryggingarinnar (skráningarstjórum og lögreglustjórum) með umburðarbréfi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72, 8. september 1931 um slysatryggingar til að öðlast gildi 1. janúar 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni útgefin 2. janúar 1926.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1931.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vígfús Einarsson.*

121

28. des.

## REGLUGERÐ

um

áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.

### Áhættuflokkun.

Frá 1. janúar 1932 ákveðst áhættuflokkun og iðgjöld fyrir slysatryggingar samkvæmt lögum nr. 72, 8. sept. 1931 þannig:

1. áhættuflokkur	.....	15	aurar á viku.
2.	—	.....	25 — — —
3.	—	.....	40 — — —
4.	—	.....	60 — — —
5.	—	.....	75 — — —
6.	—	.....	100 — — —
7.	—	.....	120 — — —
8.	—	.....	130 — — —
9.	—	.....	180 — — —
10.	—	.....	600 — — —

Vikan leggst til grundvallar og er einnig fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupid sé miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupid er tíma-kaup eða dagkaup reiknast 60 klukkustundir eða 6 dagar sem ein vika. Árið reiknast 52 vikur. Telja má saman tíma allra þeirra, sem tryggðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgang, telst sem heil vika.